

Skrifstofa menntamála og vísinda.

Á skrifstofu menntamála og vísinda er fjallað um málefni er varða menntun á öllum skólastigum, þ.e. á leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi. Fjallað er um fullorðinsfræðslu, fjarkennslu, vísindarannsóknir, námslán og námsstyrki.

Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar, vísindastofnanir svo og Lánasjóður ísl. námsmanna.

Skrifstofa menningarmála.

Á skrifstofu menningarmála er fjallað um menningarmál sem heyra undir ráðuneytið svo sem málefni lista og menningararfs, útvarps- og sjónvarpsmál og mál er varða íþrótta- og æskulýðsstarfsemi.

Á verksviði skrifstofunnar eru m.a. opinber söfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníu- hljómsveit Íslands, Íþróttanefnd og Æskulýðsráð ríkisins.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Skrifstofur og stoðsvið hafa forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim.

Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá um miðlun upplýsinga til ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 341/1993 um skipulag menntamála-ráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið, 20. september 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um Forvarnasjóð.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur Forvarnasjóðs sem stofnaður var með lögum nr. 96/1995 er að stuðla að áfengisvörnum.

2. gr.

Stjórn.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar Forvarnasjóði stjórn til fjögurra ára í senn. Í stjórninni eiga fjórir sæti, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn tilnefndur af

fjármálaráðherra og einn tilnefndur af menntamálaráðherra auk formanns sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipar án tilnefningar.

3. gr.

Varsla og reikningshald.

Forvarnasjóður skal vera í vörslu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem gefur sjóðstjórn svo oft sem þurfa þykir yfirlit um stöðu sjóðsins.

4. gr.

Tekjur.

Í Forvarnasjóð rennur 1% af innheimtu gjaldi af áfengi skv. lögum nr. 96/1995 um gjald af áfengi.

Fjármálaráðuneytið skal mánaðarlega skila Forvarnasjóði tólfta hluta áætlaðra tekna sjóðsins á árinu.

Fyrir lok fyrsta ársfjórðungs ár hvert skal fjármálaráðuneytið gera Forvarnasjóði skil á mismuni tekna sjóðsins á undangengnu ári skv. uppgjöri og þeim greiðslum sem sjóðurinn hefur fengið, sbr. 2. málsg.

5. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Forvarnasjóðs er:

1. Að styrkja forvarnastarf félagasamtaka og einstaklinga á sviði áfengisvarna á verkefna-grundvelli, s.s. fræðslustarfsemi og alls kyns áróður,
2. að styrkja rannsóknir sem tengjast áfengisvörnum,
3. að skipuleggja og hafa frumkvæði að verkefnum og rannsóknum á sviði áfengisvarna,
4. að samræma forvarnastarf á sviði áfengisvarna meðal þeirra ráðuneyta sem fulltrúa eiga í stjórn sjóðsins,
5. önnur verkefni á sviði áfengisvarna sem sjóðstjórn mælir með og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra samþykkir.

Sérstök áhersla skal lögð á að styrkja verkefni sem snúa að ungmennum og áfengisvörnum.

Forvarnasjóður greiðir kostnað vegna reksturs og stjórnar sjóðsins skv. nánari ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

6. gr.

Úthlutun styrkja.

Stjóðstjórn auglýsir a.m.k. einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki úr Forvarnasjóði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ákveður úthlutun styrkja úr Forvarnasjóði að fengnum tillögum sjóðstjórnar.

Styrkur til verkefnis skuldbindur hvorki sjóðstjórn né heilbrigðis- og tryggingamála-ráðherra til að halda áfram styrkveitingu til sama verkefnis.

7. gr.

Ýmis ákvæði.

Reglugerð þess sem sett er með stoð í 8. gr. laga nr. 96/1995 um gjald af áfengi öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. október 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Páll Sigurðsson.